



Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands

Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands

Ágúst 2019 (86. fundur)

Birt: 11. september 2019

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk peningastefnunefndar að ákvarða vexti og önnur stýritæki peningastefnunnar og að „[opinberlega skuli] birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra“. Í samræmi við löggin hefur peningastefnunefndin ákveðið að birta fundargerðir af vaxtaákvörðunarfundum sínum tveimur vikum eftir hverja ákvörðun. Þar koma einnig fram upplýsingar um atkvæði einstakra nefndarmanna.

Hér birtist fundargerð fundar peningastefnunefndarinnar 26. og 27. ágúst 2019, en á honum ræddi nefndin efnahagspróunina, þróun á fjármálamörkuðum, vaxtaákvörðunina 28. ágúst og kynningu þeirrar ákvörðunar.

I Þróun í efnahags- og peningamálum

Áður en nefndarmenn fjölluðu um vaxtaákvörðunina ræddu þeir innlenda fjármálamarkaði, fjármálalegan stöðugleika, horfur í heimsbúskapnum og utanríkisviðskiptum Íslands, innlandan þjóðarbúskap og verðbólgu, með hliðsjón af upplýsingum sem hafa komið fram frá vaxtaákvörðun nefndarinnar 26. júní 2019 og uppfærðri spá í *Peningamálum* 2019/3 hinn 28. ágúst.

Fjármálamarkaðir

Frá fundi peningastefnunefndar í júní hækkaði gengi krónunnar um 2% gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu. Á sama tímabili hækkaði það um 2% gagnvart evru og um 3,5% gagnvart bresku pundi en lækkaði um 0,5% gagnvart Bandaríkjadal. Á milli funda keypti Seðlabankinn gjaldeyri fyrir 3 m. evra (0,4 ma.kr.) og nam hlutur Seðlabankans tæplega 2% af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði.

Taumhald peningastefnunnar miðað við raunvexti Seðlabankans hafði aukist lítillega frá því rétt eftir birtingu vaxtaákvörðunar nefndarinnar í júní. Raunvextir bankans voru 0,6% miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs og höfðu hækkað um 0,1 prósentu milli funda. Miðað við ársverðbólgu voru þeir einnig 0,6% og höfðu hækkað um 0,2 prósentur milli funda.

Vextir á millibankamarkaði með krónur lækkuðu í takt við vaxtalækkun Seðlabankans í júní en velta á markaðnum nam um 12 ma.kr. á tímabilinu.

Ávöxtunarkrafa lengri óverðtryggðra ríkisbréfa hafði lækkað um 0,2 prósentur frá júnifundi nefndarinnar og krafa lengri verðtryggðra ríkis- og íbúðabréfa um 0,1 prósentu. Meðalvextir óverðtryggðra húsnæðislána höfðu lækkað með áþekkingu hætti en meðalvextir verðtryggðra húsnæðislána höfðu lækkað minna.

Vaxtamunur gagnvart útlöndum miðað við þriggja mánaða millibankavexti breyttist lítið milli funda. Hann var 4,7 prósentur gagnvart evrusvæðinu en 2,2 prósentur gagnvart Bandaríkjunum. Mismunur langtímavaxta jókst hins vegar lítillega og var 4,4 prósentur gagnvart Þýskalandi og 2,2 prósentur gagnvart Bandaríkjunum. Mælikvarðar á áhættuálag erlendra skuldbindinga ríkissjóðs breyttust einnig lítið. Skuldatryggingarálag á fimm ára skuldbindingar ríkissjóðs í Bandaríkjadöllum var 0,7% og vaxtamunur á evruútgáfu ríkissjóðs gagnvart þýskum ríkisskuldbréfum var 0,5-0,7 prósentur.

Greiningardeildir fjármálafyrirtækja væntu allar þess að peningastefnunefnd myndi ákveða að lækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Helstu rök þeirra voru þau að þótt verðbólga og verðbólguvæntingar væru enn yfir markmiði hefði hvort tveggja hjaðnað auk þess sem gengi krónunnar hefði hækkað frá júnifundi nefndarinnar. Aðhald peningastefnunnar hefði því aukist samhliða því að líkur væru á meiri samdrætti en spáð var í maí.

Samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans á væntingum markaðsaðila sem framkvæmd var um miðjan ágúst bjuggust þeir við því að meginvextir bankans yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur í 3,5% á þriðja ársfjórðungi þessa árs og um 0,25 prósentur til viðbótar fyrir lok þessa árs. Þá væntu þeir þess að vextir yrðu 3,25% eftir bæði eitt og tvö ár. Þetta eru lægri vextir en markaðsaðilar væntu í maíkönnuninni. Líkt og í síðustu könnun töldu þeir af hverjum fjórum svarendum að taumhald peningastefnunnar væri of þétt um þessar mundir en hlutfall þeirra sem töldu það vera alltof þétt var þó 20 prósentum lægra en í fyrri könnun. Um 22% svarenda töldu taumhaldið hæfilegt nú sem er svipað og í síðustu könnun bankans.

Ársvöxtur víðs peningamagns (M3) var rúmlega 8% á öðrum ársfjórðungi sé leiðrétt fyrir innlánnum fallinna fjármálafyrirtækja en hafði minnkað í um 6½% í júlí. Vöxturinn helgast sem fyrr að stærstum hluta af meiri innlánnum heimila. Leiðrétt fyrir áhrifum skuldalækkunaraðgerða stjórnvalda má áætla að útlánastofn lánakerfisins til innlendra aðila hafi stækkað um tæp 9% milli ára á öðrum ársfjórðungi. Á sama tíma jukust útlán til heimila um tæp 8% milli ára og útlán til atvinnufyrirtækja um tæp 10%.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar, OMXI10, lækkaði um 3% á milli funda. Velta á aðalmarkaði nam 365 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins sem er 23% meiri velta en á sama tímabili í fyrra.

Alþjóðleg efnahagsmál og utanríkisviðskipti

Samkvæmt spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem birt var í júlí sl. hafa horfur í heimsbúskapnum versnað frá aprílspá sjóðsins. Gert er ráð fyrir 3,2% hagvexti í heiminum í ár og 3,5% á því næsta sem er 0,1 prósentu minni hagvöxtur en spáð var í apríl. Minni hagvöxt í heiminum má rekja til verri horfa í nýmarkaðs- og þróunarríkjum, einkum í Brasilíu og Mexíkó. Sjóðurinn spáir hins vegar 0,1 prósentu meiri hagvexti í þróuðum ríkjum á þessu ári og að hann verði 1,9%. Það endurspeglar einkum meiri hagvöxt í Bandaríkjunum á fyrsta ársfjórðungi en gert hafði verið ráð fyrir í apríl. Sjóðurinn telur áfram meiri líkur á að heimshagvexti sé ofspáð fremur en vanspáð, m.a. vegna hættu á að alþjóðlegar viðskiptadeilur magnist enn frekar. Gerir hann ráð fyrir enn hægari vexti alþjóðaviðskipta á þessu ári og því næsta en hann gerði í apríl. Spáð er að

verðbólga meðal þróaðra ríkja verði 1,6% í ár sem er óbreytt frá aprílspánni. Horfur eru á 2% verðbólgu á næsta ári sem er lítillega minna en spáð var í vor.

Halli á vöruviðskiptum Íslands nam 67 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins á föstu gengi samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Á sama tíma í fyrra var 115 ma.kr. halli á föstu gengi. Minni halli nú skýrist af útflutningi á flugvélum í byrjun þessa árs en einnig hefur verðmæti innflutnings dregist saman um 8% það sem af er ári. Samdráttur innflutningsverðmætis án skipa og flugvéla hefur aukist eftir því sem liðið hefur á árið. Hefur það dregist saman um liðlega 12% undanfarna þrjá mánuði miðað við sama tíma í fyrra og fara þarf aftur til ársins 2009 til að finna meiri samdrátt á þennan mælikvarða. Munar mest um minna innflutningsverðmæti fólksbíla, eldsneytis og smurólíu en einnig dróst verðmæti hrávöru saman. Verðmæti útflutnings án skipa og flugvéla dróst saman um rúmlega 3% milli ára á fyrstu sjö mánuðum ársins, einkum á áli, en á móti jókst útflutningsverðmæti sjávarafurða um 1%.

Miðað við skráð heimsmarkaðsverð lækkaði álverð um tæplega 2% milli funda peningastefnunefndar og var 16,5% lægra en á sama tíma í fyrra. Bráðabirgðatölur Hagstofunnar benda til þess að verð sjávarafurða í erlendum gjaldmiðlum hafi hækkað um rúmlega 6% milli ára á fyrri helmingi ársins. Heimsmarkaðsverð á olíu lækkaði um tæplega 9% milli funda peningastefnunefndar og var u.þ.b. 60 Bandaríkjadalir á tunnu rétt fyrir fund nefndarinnar. Það er 22% lægra verð en á sama tíma í fyrra.

Raugengi miðað við hlutfallslegt verðlag var nánast óbreytt milli mánaða í júlí og var þá 7% yfir meðaltali síðasta aldarfjórðungs en 16,5% undir því sem það fór hæst í júní 2017. Í júlí lækkaði raugengi á þennan mælikvarða um 10,6% frá fyrra ári og má rekja lækkunina til 11,8% lækkunar nafngengis krónu en verðbólga hér á landi var 1,4 prósentum meiri en að meðaltali í viðskiptalöndum Íslands.

Innlendur þjórðarbúskapur og verðbólga

Samkvæmt Vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar (VMK) fjölgaði heildarvinnustundum um 2% á öðrum ársfjórðungi frá sama tíma í fyrra. Fjölgun heildarvinnustunda skýrist af 2,7% fjölgun starfa en á móti styttist meðalvinnuvikan um 0,7% frá fyrra ári. Þótt störfum hafi fjölgað milli ára fækkaði þeim um 0,2% milli ársfjórðunga að teknu tilliti til árstíðar. Viðsnúningur í fjölgun starfa sést enn skýrar í tölum úr staðgreiðsluskrá en samkvæmt þeim fækkaði störfum um 1% milli ára á fjórðungnum og um 0,9% milli fjórðunga. Samkvæmt VMK dróst atvinnuþátttaka einnig saman frá fyrri fjórðungi og hlutfall starfandi lækkaði þriðja fjórðunginn í röð. Árstíðarleiddrétt atvinnuleysi jókst um 0,7 prósentur milli fjórðunga og mældist 3,8% á öðrum ársfjórðungi.

Íbúum landsins fjölgaði um 2,1% milli ára á öðrum ársfjórðungi en þar af voru 1,6 prósentur vegna búferlaflutninga erlendra ríkisborgara. Heldur hefur hægt á fjölgun erlendra ríkisborgara undanfarna ársfjórðunga en fjölgunin á öðrum fjórðungi var áþekk því sem hún var síðla árs 2016. Á fyrstu sjö mánuðum ársins hægði á útgáfu nýrra tímabundinna atvinnuleyfa milli ára og fjöldi virkra starfsmanna starfsmannaleigna og erlendra þjónustufyrirtækja hefur haldist tiltölulega stöðugur frá áramótum.

Launavísitalan hækkaði um 2,1% milli fjórðunga á öðrum fjórðungi ársins og um 5,4% milli ára. Raunlaun voru 1,9% hærri á fjórðungnum en á sama tíma árið 2018.

Helstu vísbendingar um þróun einkaneyslu í upphafi þriðja ársfjórðungs gefa til kynna að hægt hafi á vexti hennar. Nýskráningum bifreiða fækkaði og aukning greiðslukortaveltu var fremur

hófleg. Væntingavísitala Gallup hækkaði lítillega milli mánaða í júlí og mældist 89,6 stig. Hún mældist þó enn talsvert lægri en á sama tíma fyrir ári.

Húsnæðisverðsvísitala Hagstofunnar fyrir allt landið, sem birt var í lok júlí, var óbreytt milli mánaða sé litið framhjá árstíðarsveiflu en hækkaði um 3,5% milli ára. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem Þjóðskrá Íslands reiknar út, hækkaði um 0,2% milli mánaða í júlí að teknu tilliti til árstíðar en um 2,9% milli ára. Þinglýstum kaupsamningum á landinu öllu fækkaði um 10% á fyrstu sjö mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra en kaupsamningum með nýbyggingar fækkaði um tæpt 21% á sama tímabili. Meðalsölutími á landinu öllu mældist því um 3,3 mánuðir á fyrstu sjö mánuðum ársins og hefur lengst um 0,4 mánuði frá sama tímabili í fyrra.

Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,21% milli mánaða í júlí. Ársverðbólga mældist 3,1% og hafði hjaðnað um 0,5 prósentur frá júnifundi peningastefnunnendrar. Vísitala neysluverðs án húsnæðis hafði hækkað um 2,8% frá júlí í fyrra og munurinn á milli verðbólgu með og án húsnæðis haldið áfram að minnka undanfarna mánuði. Verðbólga er hins vegar minni á mælikvarða samræmdu neysluverðsvísitölunnar sem undanskilur einnig kostnað vegna eigin húsnæðis og hafði í júlí hækkað um 1,6% sl. tólf mánuði. Undirliggjandi verðbólga var 3,1% í júlí miðað við miðgildi ólíkra mælikvarða og hjaðnaði einnig milli funda.

Sumarútsölur höfðu mikil áhrif í júlí og voru áhrifin meiri en bæði á sama tíma í fyrra og í vetrarútsölum sl. janúar. Kostnaður vegna eigin húsnæðis hafði í júlí hækkað um 2,6% sl. tólf mánuði og hefur árshækkunin ekki verið minni síðan í byrjun sumars 2013.

Samkvæmt könnun Seðlabankans sem gerð var um miðjan ágúst lækka verðbólguvæntingar markaðsaðila milli kannana og búast þeir við því að verðbólga verði tæp 3% að ári liðnu og 2,5% eftir tvö ár. Þeir gera jafnframt ráð fyrir að verðbólga verði að meðaltali 2,5% á næstu fimm árum sem er um 0,5 prósentum lægra en í ágústkönnuninni fyrir ári. Væntingar þeirra til tíu ára hafa einnig lækkað í verðbólgu markmiðið. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hefur einnig lækkað lítillega frá júnifundi peningastefnunnendrar. Álagið til fimm og tíu ára hefur að meðaltali verið 2,9% það sem af er þriðja ársfjórðungi sem er 0,6-0,9 prósentum lægra en á sama tíma fyrir ári.

Samkvæmt uppfærðri spá sem birtist í *Peningamálum* 28. ágúst gerir betri upphafsstaða það að verkum að talið er að verðbólga verði minni það sem eftir lifir árs í samanburði við það sem gert var ráð fyrir í maí. Talið er að hún verði 3,2% á þriðja ársfjórðungi og minnki í 2,9% á síðasta fjórðungi ársins. Horfur fyrir næsta ár batna einnig, einkum vegna minni innfluttrar verðbólgu. Verðbólguvæntingar hafa einnig lækkað eftir að hafa hækkað í fyrra. Gert er ráð fyrir að verðbólga verði komin í markmið á fyrri hluta næsta árs en líkt og spáð var í maí fer hún um tíma niður fyrir það á seinni hluta ársins. Samkvæmt spánni tekur hún síðan að þokast upp í markmið árið 2022.

Talið er að hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum Íslands verði 1,6% í ár sem er 0,1 prósentu minni vöxtur en gert var ráð fyrir í maí. Einnig er útlit fyrir lítillega minni hagvöxt á næstu tveimur árum. Hagstæð þróun sjávarafurðaverðs og lækkun olíuverðs gerðu það að verkum að viðskiptakjör bötnuðu um 1,7% milli fjórðunga á fyrsta fjórðungi ársins. Gert er ráð fyrir að viðskiptakjör standi nánast í stað í ár sem er svipað og spáð var í maí. Horfur fyrir næsta ár hafa hins vegar batnað en þar vega þyngst lægra olíuverð og minni hækkun almenns innflutningsverðs.

Gengi krónunnar lækkaði sl. haust í kjölfar fréttar af fjármögnunarvanda WOW Air og rýrnunar viðskiptakjara. Á fyrri hluta þessa árs hélst gengið tiltölulega stöðugt en frá síðari hluta júlímánaðar hefur gengið hækkað nokkuð en það var þó svipað á ágústfundinum og það var við útgáfu *Peningamála* í maí og enn um 10% lægra en á sama tíma í fyrra sé miðað við

viðskiptavegna gengisvísitölu. Gengisvísitalan hefur verið um 181 stig undanfarið og byggist grunnsþáin á þeirri forsendu að hún haldist nálægt því stigi það sem eftir lifir árs og út spátímann. Þetta er lítillega lægra gengi en gert var ráð fyrir í maí.

Hagvöxtur var 1,7% á fyrsta fjórðungi þessa árs og var hann í takt við maíspá bankans. Útlit er þó fyrir að landsframleiðslan dragist saman um 0,2% í ár sem er lítillega minni samdráttur en talið var í maí þrátt fyrir að nú sé útlit fyrir meiri fækkun ferðamanna til landsins og meiri útflutningssamdrátt. Skýrist það að hluta af því að undirliggjandi vöxtur einkaneyslu virðist þróttmeiri en ekki síður af því að neysluútgjöld beinast í meira mæli að innlendri framleiðslu eins og sést á miklum samdrætti innflutnings. Líkt og í maí er talið að þjóðarbúið taki við sér á ný á næsta ári og hagvöxtur verði 1,9%. Það er nokkru minni hagvöxtur en spáð var í maí sem má rekja til þess að nú eru horfur á að það taki ferðaþjónustuna lengri tíma að ná sér á strik eftir áföll ársins en þá var gert ráð fyrir. Spáð er að hagvöxtur aukist í 2,7% árið 2021 sem er svipað og í maíspánni.

Forsendur um launaþróun á spátímanum hafa lítið breyst frá því í maí. Horfur fyrir framleiðniþróun eru jafnframt lítið breyttar og því þróast launakostnaður á framleidda einingu eins og í maíspánni. Talið er að hann hækki um 6,8% í ár og um 4% á ári að meðaltali á næstu tveimur árum.

Störfum fækkaði á öðrum fjórðungi ársins og atvinnuleysi jókst nokkuð og hefur ekki verið meira frá árinu 2015. Hratt hefur því dregið úr þeirri spennu sem myndaðist í þjóðarbúinu eftir mikinn vöxt efnahagssumsvifa undanfarin ár. Talið er að framleiðsluspennan sé u.þ.b. horfin og að smávægilegur slaki myndist í lok þessa árs. Þegar kemur fram á næsta ár tekur atvinnuleysi að minnka á ný og slakinn hverfur undir lok ársins.

II Vaxtaákvörðunin

Nefndarmenn ræddu taumhald peningastefnunnar í ljósi nýjustu upplýsinga um framvindu efnahagsmála. Rætt var um hvort taumhaldið væri hæfilegt í ljósi verðbólguhorfa en á fundinum í júní hafði nefndin ákveðið að lækka vexti í ljósi þess að vísbendingar væru um að samdráttur í þjóðarþjónskapnum gæti orðið meiri og varað lengur en var talið í maí. Einnig hefðu verðbólguvæntingar lækkað milli funda nefndarinnar og taumhald peningastefnunnar því aukist á ný.

Nefndin ræddi efnahagsþróunina og horfur og tók í því sambandi mið af uppfærðri þjóðhagsspá Seðlabankans sem birtist í *Peningamálum* 28. ágúst en samkvæmt henni væri gert ráð fyrir 0,2% samdrætti í ár sem væri lítillega minni samdráttur en spáð var í maí. Voru nefndarmenn sammála um að það stafaði einkum af þróttmeiri vexti einkaneyslu en framlag utanríkisviðskipta væri einnig hagstæðara. Fram kom í umræðunni að rekja mætti það til þess að eftirspurn beindist í meira mæli að innlendri framleiðslu og vegi það upp á móti meiri samdrætti í ferðaþjónustu. Nefndin tók mið af því að hagvaxtarhorfur fyrir næsta ár hefðu hins vegar versnað þar sem útlit væri fyrir að það tæki ferðaþjónustuna lengri tíma að ná sér á strik eftir áföll ársins. Alþjóðlegar hagvaxtarhorfur hefðu einnig versnað og óvissa og svartsýni aukist. Voru nefndarmenn þó sammála um að fyrra mat á efnahagshorfum hefði ekki breyst til muna og að þrátt fyrir þá efnahagsskelli sem þjóðarbúið varð fyrir á fyrri hluta ársins væru horfur á að aðlögunin yrði nokkuð hófleg að öðru óbreyttu.

Nefndarmenn ræddu verðbólguþróunina en verðbólga var 3,4% á öðrum fjórðungi ársins en minnkaði í 3,1% í júlí. Nefndin tók mið af því að undirliggjandi verðbólga hefði þróast með áþekkingu hætti. Horfur væru á að verðbólga hjaðni hraðar en spáð var í maí og yrði komin í

markmið á fyrri hluta næsta árs. Horfðu nefndarmenn einnig til þess að gengi krónunnar hefði hækkað um líðlega 2% milli funda og að gjaldeyrismarkaður hefði verið í ágætu jafnvægi. Lögð var áhersla á að verðbólguvæntingar hefðu lækkað í markmið frá síðasta fundi og taumhald peningastefnunnar því aukist lítillega. Nefndin ræddi þróun raunvaxta og hvaða raunvaxtastig væri ákjósanlegt á þessum stað í hagsveiflunni. Einnig var nokkur umræða um að dregið hefði úr umsvifum á fasteignamarkaði og útlánavexti að undanfögnu, bæði til heimila og atvinnufyrirtækja. Talið var að líklega mætti rekja það til minnkandi eftirspurnar en einnig til áhrifa lausafjárstöðu sumra viðskiptabanka sem þurfa að gæta að leyfilegum lausafjárhlutföllum.

Allir nefndarmenn voru þeirrar skoðunar að rétt væri að lækka vexti bankans enn frekar. Fram kom í umræðunni að hagvaxtarhorfur væru mögulega ofmetnar, m.a. þar sem alþjóðlegur hagvöxtur gæti reynst minni en gert er ráð fyrir – ekki síst vegna vaxandi óvissu í alþjóðlegum efnahagsmálum. Einnig var bent á að það ætti eftir að koma í ljós hvernig fyrirtækjum í ferðaþjónustu myndi vegna í vetur. Fram kom í umræðunni að minni umsvif á fasteignamarkaði og samdráttur fjárfestingar og innflutnings þrátt fyrir aukinn kaupmátt launa gætu bent til þess að aðilar teldu að staða efnahagsmála væri lakari en hún væri í raun. Því væri rétt að lækka vexti bankans til þess að örva fjárfestingu og fasteignamarkaðinn ásamt því að draga úr svartstýni. Á móti var bent á að verðbólga væri enn yfir markmiði, innlendur verðbólguþrýstingur hefði aukist á nokkra mælikvarða, horfur væru á að launakostnaður á framleidda einingu myndi aukast um hátt í 7% á þessu ári og ekki væri búið að ljúka kjarasamningum opinberra starfsmanna. Því væri einnig mikilvægt að stíga varlega til jarðar.

Nefndarmenn voru sammála um að tekist hefði að veita langtímaverðbólguvæntingum traustari kjölfestu sem gerði það að verkum að svigrúm væri fyrir hendi til að mæta efnahagssamdrættinum með slökun á taumhaldi peningastefnunnar. Einnig var bent á að áhrif gengislækkunar krónunnar á verðlag hefðu verið tiltölulega hófleg og mætti líklega að einhverju leyti einnig rekja það til aukins trúverðugleika peningastefnunnar og betri kjölfestu verðbólguvæntinga.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur. Meginvextir bankans, þ.e. vextir á sjö daga bundnum innlánnum, yrðu 3,5%, innlánsvextir (vextir á viðskiptareikningum) 3,25%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga 4,25% og daglánavextir 5,25%. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Að mati nefndarmanna myndi peningastefnan á næstunni ráðast af samspili þróunar efnahagsumsvifa annars vegar og verðbólgu og verðbólguvæntinga hins vegar.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Rannveig Sigurðardóttir, aðstoðarseðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur

Gylfi Zoëga, prófessor, utanaðkomandi nefndarmaður

Katrín Ólafsdóttir, lektor, utanaðkomandi nefndarmaður

Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Karen Áslaug Vignisdóttir ritaði fundargerð.

Næsta yfirlýsing peningastefnunefndarinnar verður birt miðvikudaginn 2. október 2019.